

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 152/2007

frá 7. desember 2007

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2007 frá 26. október 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 538/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem aukefni í fóðri <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 frá 7. júní 2007 um að leyfa selenmetiónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, sem aukefni í fóðri <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 623/2007/EB frá 23. maí 2007 um breytingu á tilskipun 2002/2/EB um breytingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE um markaðssetningu blandaðs fóðurs <sup>(4)</sup>.
- 5) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

II. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 1zzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 537/2007):  
„1zzzs. **32007 R 0538**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 538/2007 frá 15. maí 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á *Enterococcus faecium* DSM 7134 (Bonvital) sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 16).  
1zzzt. **32007 R 0634**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 634/2007 frá 7. júní 2007 um að leyfa selenmetiónín, framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R397, sem aukefni í fóðri (Stjtið. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 14).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 62, og EES-viðbætur nr. 19, 10.4.2008, bls. 66.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 128, 16.5.2007, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 146, 8.6.2007, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 23.

2. Eftirfarandi bætist við í sextánda undirlið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB) 5. liðar (tilskipun ráðsins 79/373/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

- **32007 D 0623**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 623/2007/EB frá 23. maí 2007 (Stjtið. ESB L 154, 14.6.2007, bls. 23).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 538/2007 og 634/2007 og ákvörðunar nr. 623/2007/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. desember 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Stefán Haukur Jóhannesson***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.